



## Þingmannatillaga um bestu hugsanlegu aðlögun hælisleitenda barna og ábyrgð allra skólagerða

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún haldi sameiginlega norræna ráðstefnu þar sem fjallað verði um góða aðlögun hælisleitandi barna, þar á meðal góðar starfsvenjur þar sem aðlögun hefur tekist sérlega vel, og jafnframt rætt um ábyrgð allra skólagerða á aðlögun.

### Forsaga

Straumur flóttafólks til Norðurlanda fer vaxandi. Fjöldi hælisleitenda er sá mesti á seinni tímum en margir þeirra eru fylgdarlaus börn og ungmenni. Kennsla fyrir þennan fjölda af nýkomnum hælisleitandi börnum á skóla- skyldualdri er óvenju mikið og brýnt verkefni.

Nú eru það einkum opinberir grunnskólar sem sinna því starfi.

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja að deila beri ábyrgðinni á fleiri aðila í norrænum samfélögum. Jafnaðarmenn vilja kanna hvernig einnig sjálfstætt starfandi og einkareknir skólar geta lagt hönd á plóginn við aðlögun hinna mörgu hælisleitandi barna með ýmsum kennslutilboðum, t.d. móttökubekkjum, móttöku fleiri nemenda og öðrum aðgerðum. Öllum skólagerðum ber þannig að axla ábyrgð á aðlögun hælisleitandi barna.

Helsinki, 25. janúar 2016

Annette Lind (S)  
Erkki Tuomioja (sd)  
Eva Sonidsson (S)  
Gunvor Eldegard (A)  
Henrik Dam Kristensen (S)  
Ineqi Kielsen (S)  
Irene Johansen (A)  
Johan Andersson (S)  
Jorodd Asphjell (A)  
Karin Gaardsted (S)  
Knut Storberget (A)

Lars Mejern Larsson (S)  
Lennart Axelsson (S)  
Maarit Feldt-Ranta (sd)  
Pernille Schnoor (S)  
Phia Andersson (S)  
Pyy Niemi (S)  
Rikard Larsson (S)  
Ruth Mari Grung (A)  
Suzanne Svensson (S)  
Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1675/kultur

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna þekkingar- og  
menningarnefndin

Málsnúmer 16-00077-3